

## Frumvarp til laga

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (DrH, SI, SJóh, EOK, KVM, GuðjG).

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, er verður 9. tölul., sem orðast svo: Af hráefni, efnivörum og hlutum sem bera magntoll (A1-tollur) samkvæmt viðauka I við lög þessi og ætlaðar eru í innlendar framleiðsluvörur, svo og af umbúðum fyrir slíkar vörur. Ef aðvinnsla sem á sér stað hér á landi er óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, telst framleiðsluvara ekki vera innlend í skilningi þessa töluliðar.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls samkvæmt þessari grein, að undanskildum 9. tölul. 1. mgr. Landbúnaðarráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu skv. 9. tölul. 1. mgr. Gera má að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar tolls samkvæmt þessari grein að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að landbúnaðarráðherra verði veitt heimild til þess að fella niður verð- og magntoll af hráefni og efnivörum sem flokkast sem landbúnaðarvörur og bera magntoll (A1) samkvæmt tollskrá. Tekið er fram að sé aðvinnsla sem á sér stað hér á landi óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, teljist framleiðsluvara ekki vera innlend og verður tollur samkvæmt því ekki felldur niður af hráefni, efnivöru eða hlutum í framleiðsluvöruna.

Í núgildandi lögum er fjármálaráðherra veitt heimild í 8. tölul. 1. mgr. 6. gr. til að ákveða með reglugerð skilyrði niðurfellingar á tollum af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur svo framarlega sem ekki er um landbúnaðarhráefni að ræða sem ber magntoll samkvæmt tollskrá. Er því óheimilt að fella niður toll af landbúnaðarhráefni sem nýtur tollverndar á grundvelli innlendar landbúnaðarstefnu.

Með því að veita landbúnaðarráðherra heimild til að ákveða með reglugerð skilyrði niðurfellingar á tollum af landbúnaðarhráefni sem nýtur tollverndar samkvæmt innlendra landbúnaðarstefnu og ætlað er til framleiðslu á innlendum vörum er innlendum framleiðslufyrirtækjum gert mögulegt að nota erlent landbúnaðarhráefni í innlendar framleiðsluvörur. Er þar um að ræða hráefni sem lýtur reglum um úthlutun tollkvóta, þ.e. vörur sem tilgreindar eru í viðaukum IIIA og B og IVA og B við tollalög. Þar er m.a. um að ræða kjötvörur, mjólkurafurðir, egg og grænmeti. Einnig er um að ræða staðgönguvörur smjörs, svo sem smjörlíki.

**Prentað upp.**